

Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

11. fundur skólaráðs Stekkjaskóla, mánudaginn 17. mars 2025 kl. 8:20. Haldinn í fundarherbergi 1.

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, Kristín Bergmann og Hermína Íris Helgadóttir (í forföllum Maríu Óskar Ólafsdóttur) fulltrúar kennara, Guðbjörg Líf Óskarsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Ingibjörg Hilmarsdóttir (í forföllum Katrínar Þ. Andrésdóttur) fulltrúi foreldra, Elín Aðalheiður Snorradóttir og Ólafur Geir Hlynsson (í fjarveru Patreks Brimars Jóhannssonar) fulltrúar nemenda.

María Ósk Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Katrín Þ. Andrésdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins og Arnar Páll Gíslason og Smári Hallgrímsson fulltrúar foreldra boðuðu forföll.

Fundargerð: Kristín Bergmann

Hilmar bauð fundarmenn velkomna og bauð varamenn sérstaklega velkomna á fundinn, þær Hermínu Írisi Helgadóttur fulltrúa kennara og Ingibjörgu Hilmarsdóttur fulltrúa foreldra.

Hilmar óskaði eftir því að setja á dagskrá liðinn Breyting á fulltrúa í skólaráði. Var það samþykkt.

1. Skóladagatal 2025-2026

Hilmar lagði fram skóladagatal skólaársins 2025-2026 til kynningar, umræðu og samþykktar. Hilmar útskýrði skóladagatal fyrir fulltrúum nemenda og varafulltrúa foreldra og rætt um beiðni kennara um að sameina haust- og vetrarfrí í eitt langt. Skóladagatal næsta skólaárs var samþykkt.

2. Starfsmannamál - ráðningar

Þessa dagana er undirbúningur á skólastarfi næsta skólaárs í gangi og starfsmannasamtöl eru langt komin. Á morgun munum við auglýsa eftir nýju starfsfólki.

Nokkrar breytingar hafa nú þegar verið kynntar innan starfsmannahópsins sem eru:

- Ástrós Rún Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri fer í námsleyfi næsta skólaár
- Hildur Bjargmundsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu leysir Ástrós af
- Hermína Íris Helgadóttir umsjónarkennari verður deildarstjóri stoðþjónustu til eins árs í stað Hildar

Næsta skólaár má gera ráð fyrir um 380 nemendum í 1.-8. bekk sem kallar á eftirfarandi fjölgun starfsmanna:

- Deildarstjóri eldra stigs (5.-8.b)
- Umsjónarkennarar (4 +)
- Sérkennari eldra stigs
- Myndmenntakennari

- Náttúrufræðikennari
- Stuðningsfulltrúar (1+)

Gert er ráð fyrir 73 starfsmönnum við Stekkjaskóla næsta haust í 66 stöðugildum

3. Íþróttaaðstaða Stekkjaskóla

Þessa dagana fer fram skoðun og umræða hjá bæjaryfirvöldum um íþróttaaðstöðu fyrir Stekkjaskóla og fyrir ýmsar deildir innan Ungmennafélags Selfoss. Skólastjórnendur Stekkjaskóla hafa óskað eftir því við bæjaryfirvöld að fá íþróttahús við skólann sem allra fyrst. Í fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir kostnaði við hönnun og undirbúningsvinnu á íþróttahúsi við Stekkjaskóla. Sá undirbúningur er nú þegar hafinn. Tvær leiðir eru til umræðu hjá bæjaryfirvöldum þessa dagana:

- A) Húsasmiðjuhúsið við Eyrarveg. Í framhaldinu íþróttahús við Stekkjaskóla.
- B) Íþróttahús við Stekkjaskóla
- A) Fyrri hugmyndin gengur út á það að innrétta gömlu timburgeymsluna þar sem Húsasmiðjan var áður til húsa við Eyrarveg. Setja þar upp handboltavöll í fullri stærð og aðstöðu fyrir júdó, dans og pílukast. Einnig yrði sett upp búningaáðstaða og sturtur. Þessi áðstaða yrði tilbúin í fyrsta lagi í byrjun árs 2026. Í framhaldinu yrði farið í að byggja íþróttahús við Stekkjaskóla. Ljóst er að uppbygging á aðstöðu á Eyrarveginum myndi seinka framkvæmdum við íþróttahús Stekkjaskóla.
- B) Seinni hugmyndin er setja íþróttahús Stekkjaskóla í forgang og hefja framkvæmdir við það sem allra fyrst og láta frá sér hugmyndina um Húsasmiðjuhúsið.

Hilmar útskýrði hugmyndir bæjarráðs um íþróttahús við Stekkjaskóla, gert ráð fyrir að það verði stærra en upphaflega var áætlað. Nemandi spurði hversu stórt í fermetrum það yrði og foreldri nefndi ókostinn við að breyta húsnæði Húsasmiðjunnar, talaði um hvað vantaði mikið íþróttaaðstöðu í hverfinu. Allir sammála um að betra aðgengi þarf að vera fyrir börnin í hverfinu og að mikill tími fari í rútuferðir bæði í skólaíþróttir og íþróttir eftir skóla. Annar nemandi hafði orð á því að ef Húsasmiðjunni yrði breytt myndu þau missa af því að njóta þess að fá íþróttahús við skólann. Rætt var um að kostnaður við rútuferðir væru umtalsverðar fyrir bæjarfélagið. Einnig rætt um að sundlaugin sé sprungin og af hverju sundlaugin á Stokkseyri sé ekki notuð, Hilmar benti á að það fæli í sér enn meiri akstur. Nefnt að unglingar vilji fá að sleppa sundi og taka sundpróf.

*Skólaráð vill þrýsta á að farið verði í að byggja strax íþróttahús við Stekkjaskóla og koma þannig upp varanlegri íþróttaaðstöðu í hverfinu.

*Skólaráð vill þrýsta á að klára skólalóð við Stekkjaskóla þar sem útiaðstaða fyrir nemendur er með öllu óviðunandi.

*Skólaráð vill minna á að Árborg er heilsuefandi samfélag og við í Stekkjaskóla viljum hafa hreystivöll sem nýtist öllu hverfinu og samfélaginu í heild.

4. Breytingar á fulltrúum í skólaráði

Smári Hallgrímsson fulltrúi foreldra hefur óskað eftir því að láta af störfum í skólaráði Stekkjaskóla. Varamaður hans, Ingibjörg Hilmarsdóttir, tekur því hans sæti. Nú vantar því varafulltrúa foreldra fyrir Ingibjörgu. Hilmar mun hafa samband við formann foreldrafélagsins og óska eftir nýjum fulltrúa. Eins vantar ennþá varamann grenndarsamfélagsins. Tillögur um fulltrúa. Rætt um að það þurfi að finna varamann fyrir fulltrúa grenndarsamfélagsins og Magnús J. Magnússon fyrrverandi skólastjóri nefndur, mögulega gæti hann stungið upp á einhverjum öðrum ef hann vill ekki vera með okkur sjálfur.

5. Önnur mál

Hilmar sagði frá því að það þurfi að fara inn í 6. og 7. bekk og útskýra könnun skólapúlsins áður en hún verður lögð fyrir nemendur. Nemandi spyr hvenær félagssvæðið verði græjað í nýja húsnæðinu og sérstaklega þar sem unglingastigið verður. Hilmar sagði það vera á döfinni að gera þarfagreiningu. Fulltrúar nemenda mega endilega gera könnun um það hvað nemendur vilja hafa á svæðinu, væri gaman að fá tillögur nemenda. Nemendur nefndu hvenær kæmi betri fótoltavöllur, Hilmar sagði að 3 vellir væru á teikningu. Nemendur óska eftir því að fara á Reyki, eru tilbúin að fara í fjáröflun. Rætt um fækkun á rútuferðum fyrir nemendur sem er mjög neikvætt.

Næsti fundur: Áætlað að hafa fund 12. maí kl. 8:20.

*Hvernig gengur með íþróttahúsið

*Skólapúlsinn verður kominn.

Fundi slitið kl 9:35

KB/HB